

104. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 16. mars 2022 og hófst hann kl. 18:00.

Fundinn sátu:

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Ingbór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Sigrún Ágústa Helgudóttir tók þátt í fundinum í fjarfundi og kom svo á fundinn kl. 19:10. Guðríður Sigurjónsdóttir tekur þátt í fundinum í fjarfundi og samþykkir fundargerð í lok fundar með rafrænum hætti.

Fyrir tekið:

1. 2109162 - Starfs- og fjárhagsáætlun 2022 - menningar- og safnamál

Fríða Kristín Magnúsdóttir viðburðarstjóri 2021 kemur á fundinn til samtals við nefndina um viðburði ársins 2022.

Menninga- og safnanefnd þakkar Fríðu Kristínu fyrir komuna.

Menninga- og safnanefnd felur bæjarstjóra að ganga til samninga við Fríðu Kristínu um aðkomu að tilteknum viðburðum vegna ársins 2022.

Samþykkt 5:0

Fríða Kristín vikur af fundi.

2. 2102138 - 80 ára afmælisnefnd Akraneskaupstaðar

Viðburðir vegna 80 ára afmæli Akraneskaupstaðar.

Áframhaldandi skipulag verkefna á afmælisárinu og tenging við fasta viðburði ársins.

Umræður um áframhaldandi skipulag.

Næsti reglulegi fundur nefndarinnar verður þann 7. apríl kl. 18:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:55.